

Læknafélags Íslands, Frumtök, Félag atvinnurekenda og Samtök verslunar og þjónustu endurnýja eftirfarandi

### samning

um samskipti lækna og fyrirtækja sem framleiða og flytja inn lyf.

#### 1. gr.

##### Markmið

Samskipti lækna og lyfjafyrirtækja eru mikilvægur þáttur í þróun sífellt betri lyfjameðferðar við sjúkdómum og í fræðslu lækna um meðferð lyfja. Bæði læknar og lyfjafyrirtæki hafa að markmiði að bæta meðferð sjúkdóma og líðan sjúklinga. Samningsaðilar eru sammála um að samskiptum lækna og lyfjafyrirtækja skuli þannig háttað hverju sinni, að hvor aðili sé hinum óháður í einu og öllu.

Til grundvallar samningi þessum eru *List of Guiding Principles Promoting Good Governance in the Pharmaceutical Sector*, sem samþykktar hafa verið af lyfjaiðnaðinum, félögum heilbrigðisstétta og sjúklingafélögum innan ESB, *Reglur EFPIA og Frumtaka um samskipti við heilbrigðisstarfsmenn, heilbrigðisstofnanir og sjúklingasamtök*<sup>1</sup>, sem á hverjum tíma eru í gildi ásamt viðaukum við þær reglur, þar sem m.a. er kveðið á um framlög og styrki til heilbrigðisþjónustu eða rannsókna, þóknarir fyrir þjónustu, kostun og gjafir til fagfólks í heilbrigðistétt og hins vegar siðareglur Læknafélags Íslands.

#### 2. gr.

##### Fræðsla og kynning

Markmið lyfjakynninga er að fræða lækna um ný lyf og notkun lyfja. Fræðslan skal vera samkvæmt fyrirfram skipulagðri dagskrá. Kynningin skal vera hlutlæg, nákvæm og sönn og í samræmi við lög og siðareglur. Veitingum á lyfjakynningum, ef einhverjar, skal mjög stillt í hóf.

Fræðslufundir fyrir lækna, sem haldnir eru á vegum lyfjafyrirtækja, skulu skipulagðir fyrirfram í samráði við lækni/a. Læknar ákveða sjálfir form og efni fyrirlestra, sem þeir flytja á slíkum fræðslufundum. Í dagskrá fræðslufunda á vegum lyfjafyrirtækja skal með mjög greinilegum hætti skilja á milli faglegs þáttar og auglýsinga og kynningar lyfjafyrirtækja á lyfjum.

Heimilt er að greiða lækni, sem flytur erindi á fræðslufundi á vegum lyfjafyrirtækis, hóflegt endurgjald fyrir vinnu við undirbúning fyrirlesturs og útlagðan kostnað, ef einhver er.

Vegna funda, námskeiða eða málþinga, sem læknar halda fyrir lækna, er heimilt að gera samning við lyfjafyrirtæki um að það/þau auglýsi lyf og/eða kynni þjónustu sína á atburðinum, og greiði fyrir hóflegt verð enda sé greiðslan notuð til að greiða kostnað við að halda atburðinn.

#### 3. gr.

##### Styrkir

Læknar mega þiggja styrki frá lyfjafyrirtækjum til að sækja fræðslufundi sem þjóna markmiðum sí- og endurmenntunar lækna, enda sé ferðin ekki einnig kostuð að fullu sem námsleyfi samkvæmt kjarasamningi.

<sup>1</sup> Sjá [www.frumtok.is/Sidareglur](http://www.frumtok.is/Sidareglur)

Óheimilt er að greiða eða endurgreiða lækni ferðakostnað maka eða annars ferðafélaga í ferðum samkvæmt þessari grein.

Ef lyfjafyrirtæki styrkir fund, námskeið eða málþing, sem haldin eru á vegum lækna eða fund, námskeið eða málþing, sem læknar taka þátt í, skal þess getið í fundarboði og í upphafi viðkomandi fundar að lyfjafyrirtæki styrkir atburðinn.

4. gr.

*Rannsóknarsamstarf*

Læknum og lyfjafyrirtækjum er heimilt að hafa með sér rannsóknarsamstarf um lyfjarannsóknir. Í slíku samstarfi skal virða gildandi lög og reglur um vísindarannsóknir, Helsinkiyfirlýsinguna frá 1964 með síðari breytingum og reglur um "Good Clinical Practice".

Vegna slíks rannsóknarsamstarfs um lyfjarannsóknir skulu lækni/læknar og lyfjafyrirtæki strax í upphafi gera skriflegan samning um samstarfið, þar sem m.a. skal kveðið á um hlutverk læknisins/læknanna í rannsókninni og vinnuframlag hans/þeirra. Í slíkum samningi er heimilt að semja um hóflega greiðslu til læknisins/læknanna, frá lyfjafyrirtæki fyrir vinnuframlagið við rannsóknina og útlagðan kostnað, ef einhver er. Í slíkum samstarfssamningi skal einnig kveðið á um hvernig nota eigi niðurstöður viðkomandi rannsóknar(a), að þeim loknum.

Þegar lækni er í rannsóknarsamstarfi við lyfjafyrirtæki skal þess getið alls staðar þar sem við á, s.s. þegar hann flytur erindi sem er á því sviði, skrifar grein eða kemur fram á einhvern hátt sem sérkunnandi á því sviði sem rannsóknin tekur til.

5. gr.

*Ráðgjafastörf og upplýsingagjöf*

Lækni er heimilt að taka að sér ráðgjafarstörf með skriflegum samningi við lyfjafyrirtæki. Ávallt skal getið um störf og ráðgjöf lækna í þágu lyfjafyrirtækja er þeir fjalla í máli eða á prenti um málefni er tengjast lyfjafyrirtækjum.

6. gr.

*Óheimilar þóknanir*

Fulltrúar lyfjafyrirtækja mega ekki bjóða læknum fé eða gjafir fyrir lyfjakynningu og læknar mega ekki fara fram á slíkt.

7. gr.

*Gildistaka og uppsögn*

Samningur þessi tekur gildi við undirritun, enda áður verið samþykktur af samningsaðilum af þar til bærum aðilum. Samningur þessi er uppsegjanlegur með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 20. janúar 2020.

F.h. Læknafélags Íslands  
með fyrirvara umsamþykki stjórnar

F.h. Frumtaka

F.h. Félags atvinnurekenda

F.h. SVP – samtaka verzlunar og þjónustu